

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 13. nóvember 2024
UST202409-304/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga - Breyting aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir efnistökusvæði í Langöldu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 27. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 fyrir efnistökusvæði í Langöldu.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að skilgreina efnistökusvæði þar sem gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku fram til ársins 2030. Minnkar skógræktar- og landgræðslusvæði (SL26) um 11,4 ha.

Afmörkun

Í greinargerð segir að efnistökusvæðið verði enduroppnað en það er staðsett í Langöldu, vestan Sultartanga. Náman var upphaflega notuð við gerð á Sultartangastíflu á árunum 1982-84, því er ekki um að ræða óraskað svæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé nánar um notkun eldri námunnar og hún sé afmörkuð. Auk þess er mikilvægt að afmarka fyrirhugað efnistökusvæði.

Hraun

Umhverfisstofnun bendir á að hraunið innan skipulagssvæðisins (merkt með rauðum hring) nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðingabæra, sem undir greinina falla nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Á svæðinu eru augljósar jarðminjar. Umhverfisstofnun leggur því áherslu á að fjallað sé nánar um hraunið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar

Útivist

Samkvæmt aðalskipulagi eru bæði reið- og gönguleiðir á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um ferðaþjónustu og útivist og að fram komi hver áhrifin eru á þessa þætti.

Ryk

Umhverfisstofnun bendir á að fjalla þarf um tíðni og lengd áhrifa, t.d. hversu lengi rykmengun getur staðið yfir, á vinnslutíma og eftir að vinnslutíma líkur.

Loftslagsmál

Umhverfisstofnun vill benda á aðgerðaáætlun íslenskra stjórnvalda í loftslagsmálum sem er hugsuð sem tæki sem stjórnvöld geta notað til að draga úr notkun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi til að tryggja að Ísland nái markmiðum Parísarsamningsins og kolefnishlutleysi árið 2040.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að uppfærð útgáfa kom út í júní 2020 og er áætlun um aðgerðir íslenskra stjórnvalda til að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda til 2030.

Vatn

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er að finna efnislega umfjöllun um áhrif framkvæmdarinnar á vatn út frá lögum um stjórn vatnamála og vatnaáætlun í umhverfismatsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.

Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tillagan sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar 2022-2027 og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Umhverfisstofnun bendir á að yfirfara þarf textann í kafla 3.5. Skipulagssvæðið er innan vatnshlotanna *Langöldulækja* (103-930-R)¹, sem hefur þau umhverfismarkmið að vera í mjög góðu vistfræðilegu ástandi og í góðu efnafræðilegu ástandi, og *Tungnaárhrauns* (103-308-G)², sem er með umhverfismarkmið um góða magnstöðu og gott efnafræðilegt ástand. Umhverfismarkmið vatnshlota eru lagalega bindandi og má ástandi þeirra ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Í töflu 3 er grunnvatn nefndur sem einn umhverfisþáttur í umhverfismatsskýrslu skipulagsins og vatnaáætlun, lög um stjórn vatnamála og reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns eru talin upp sem umhverfisviðmið. Í kafla 5.4 er aftur á móti ekki fjallað um áhrif á vatn. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fjallað sé um möguleg áhrif á vatn, bæði grunnvatn og yfirborðsvatn, svo sýna megi fram á að áætlunin sé í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar um vatnsvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að ef líkur eru á að framkvæmdin mun hafa neikvæð áhrif á vatnshlotin þarf leyfisveitandi að óska eftir áhrifamati frá framkvæmdaraðila sem leyfisveitandi tekur afstöðu til áhrifamatsins í leyfisveitingarferlinu.

Ásýnd

Umhverfisstofnun tekur undir að áhrif framkvæmdanna á ásýnd og landslag séu neikvæð og varanleg.

Fram kemur í lýsingu fyrir efnistökusvæði í kafla 2.3.9. að þegar notkun námunnar verði lokið skuli gengið frá henni og hún aðlöguð að landinu umhverfis og fái sem náttúrulegast yfirbragð. Heimilt er að græða svæðið upp/planta trjám. Eftir atvikum verður svæðið aftur fellt innan SL26.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að sett sé skýr skilyrði um frágang til að milda áhrif af framkvæmdunum og fram komi með hvaða hætti tryggt verði að landið fái sem náttúrulegast yfirbragð. Óljóst er hvort til standi að græða landið upp og fella landið aftur innan skógræktar- og landgræðslusvæði (SL26) að framkvæmd lokinni.

¹ <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-930-R>

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-308-G>

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur